

## 021/01 - Ásdís ÍS 55

Ásdís ÍS-55, strandar við Sellátra í utanverðum Tálknafirði

### Ásdís ÍS 55

**Skipaskr.nr.:** 7160

**Smíðaður:** Hafnarfirði 1989 Plast

**Stærð:** 6,08 brl; 4,98 bt

**Lengd:** 9,18 m **Breidd:** 2,56 m **Dýpt:** 1,60 m

**Vél:** Yanmar 257,00 kW **Árgerð:** 1999

**Annað:**

**Földi skipverja:** 2

### Atvikalýsing

Hinn 6. júní 2000 um kl 14:00 fór m.b. Ásdís úr höfn á Þingeyri til veiða með handfærum. Veður: SA 1-2 vindstig, smákvika.

Var siglt út fyrir Kóp og tekið til við veiðar þar. Í fyrstu var smá kropp hjá þeim. Skipstjórinn fann til slappleika og ákvað að fela skipverjanum sem var með honum stjórn bátsin um tíma og hugðist leggja sig. Skipverjinn tók til við að sigla um til að leita að fiski en skipstjóri sofnaði.

Skipstjórinn dottaði um stund en fór síðan í stýrishús. Þegar hann kom í stýrishúsið var skipverjinn sofandi í stól en báturinn með stefnu á land og stutt eftir í fjöruna. Reyndi skipstjórinn að beita vélinni aftur á bak til að koma í veg fyrir strand en án árangurs og sigldi báturinn upp í urðina og skorðaðist á milli tveggja steina.

Skipverjar klæddust björgunargöllum og skipstjóri tilkynnti um strandið til Ísafjarðarradíó.

### Við rannsókn kom fram

- að samkvæmt gögnum Tilkynningarskyldu Íslenskra skipa var tilkynnt um ferðir bátsins 30. maí og þá tilkynnt um komu til hafnar á Þingeyri;
- að skipstjóri sagðist hafa tilkynnt í talstöð um ferðir sínar eftir að þeir voru komnir út fyrir en ekki fengið svar um að boðin hafi heyrst;
- að skipstjóri sagðist hafa gefið skipverjanum þau fyrirmæli að dóla um og leit að fiski. Hann hefði átta að vekja sig ef hann finði fisk;
- að skipverjinn sagðist hafa verið að dóla um til að leita að lóðningu. Hann hafi síðan ekki vitað af sér fyrr en skipstjóri kom í stýrishús og þá séð að báturinn stefndi á land.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök strandsins sé ófullnægjandi varðstaða.